

Þriðjudaginn 24. mars 1998.

Nr. 130/1998.

Viðar Helgason

Reynir Helgason

Sigurður Stefánsson og

Jónas Helgi Ólafsson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Malenu Andreassen

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Kröfulýsing. Vanreifun. Aðild. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1998, þar sem hafnað var þeirri kröfu sóknaraðila, að þeir yrðu taldir eigendur fasteignar að Bryggjuvör 1 í Kópavogi og óskráðs einkafirma Helga Jakobssonar ásamt öllu, sem því tilheyri. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Krefjast sóknaraðilar þess, að fyrrgreindar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðilum gert í sameiningu að greiða kærumálskostnað.

Málið á rætur að rekja til ágreinings við opinber skipti á dánarbúi Helga Jakobssonar, sem lést 27. maí 1997. Erfingjar eftir hinn látna eru sóknaraðilarnir Reynir Helgason og Viðar Helgason svo og varnaraðili, sem er eftirlifandi maki hins látna. Á skiptafundi í dánarbúinu 14. nóvember 1997 lýstu erfingjar yfir, að þeir ábyrgðust skuldbindingar þess. Á sama fundi kom fram, að ágreiningur væri á milli erfingja um, hvort hinn látni hefði selt sóknaraðilum fyrirtæki sitt, HJ-pípulagnir, ásamt fasteign að Bryggjuvör 1 í Kópavogi. Sóknaraðilar héldu því fram, að kaup hefðu komist á, en ekki tekist

að ganga formlega frá þeim vegna skyndilegra veikinda og fráfalls seljanda. Umsamið kaupverð hafi verið 2.400.000 krónur. Sóknaraðilar hafi tekið skuldabréfalán fyrir þeirri fjárhæð gegn veðrétti í fasteigninni að Bryggjuvör 1, sem hafi verið veittur með samþykki Helga 14. maí 1997, en fénu hafi síðan verið varið til að gera upp skuldir hans og kaupverðið greitt með þeim hætti. Varnaraðili mótmælti þessum staðhæfingum á skiptafundinum. Ákvað þá skiptastjóri með vísan til 122. gr. laga nr. 20/1991 að beina ágreiningsefninu til úrlausnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að sóknaraðilar hafi lýst kröfu á hendur dánarbúinu um viðurkenningu á eignarrétti sínum að fyrrnefndri fasteign og firma, svo sem bar með réttu að gera samkvæmt 3. mgr. 63. gr. laga nr. 20/1991 að gættum ákvæðum 57. gr. sömu laga. Skiptastjóri átti því ekki að taka kröfu sóknaraðila til umfjöllunar á skiptafundi, eins og hann þó gerði og áður greinir, enda gátu sóknaraðilarnir Sigurður Stefánsson og Jónas Helgi Ólafsson ekki átt hlut að innbyrðis deilu erfingja um, hvort tilteknir munir tilheyrðu dánarbúinu. Kröfur sóknaraðila beinast meðal annars að því, að viðurkennt verði, að þeir eigi „óskráð einkafirma Helga Jakobssonar ásamt öllu því, er því tilheyrir“. Skortir mjög á, að ljóst sé, að hverju krafa þessi beinist, þótt fyrir liggi í málinu skrá, sem sóknaraðilar lögðu fram um „verkfæri og fleira að Bryggjuvör 1-D“. Þá snúa kröfur sóknaraðila um viðurkenningu á eignarrétti að verðmætum, sem teldust að öðrum kosti til eigna dánarbúsins. Er því óhjákvæmilegt, að dánarbúið eigi aðild að dómsmáli um þær kröfur, svo sem skiptastjóri tók sérstaklega fram í bréfi 17. nóvember 1997, þegar hann beindi málinu til héraðsdóms. Eins og málið liggur fyrir, er hins vegar ekki tilefni til þess, að varnaraðili sé aðili að því, enda helgast sú aðild ekki af ákvæðum 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991.

Að gættu öllu framangreindu eru slíkir formgallar á málinu, að ekki verður komist hjá að vísa því sjálfkrafa frá héraðsdómi. Er rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
